

62. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, þann 6. júní 2017 og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ólina Ingibjörg Gunnarsdóttir varamaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hallbera Fríður Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1701115 - Kjarasamningar félags grunnskólakennara - Bókun 1

Kjarasamningur kennara - Bókun 1

Grunnskólanir á Akranesi hafa skilað umbótaáætlun til sviðsstjóra í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar um kjarasamninginn. Skýrslu og umbótaáætlunum verður skilað til samstarfsnefndar sem síðar mun gera sáttasemjara grein fyrir niðurstöðunum á landsvísu.

Skóla- og frístundaráð fagnar góðri vinnu sem farið hefur fram í skólunum vegna bókunar 1 og hlakkar til áframhaldandi samstarfs við starfsfólk skólanna.

2. 1705219 - Brekkubæjarskóli - upphaf skóladags

Kynnt minnisblað frá skólastjóra Brekkubæjarskóla um tímasetningu á upphafi skóladags næsta skólaár sem verði kl. 08:10 eins og var á liðnu skólaári.

Lagt fram.

Sigurður Arnar og Hallbera viku af fundi kl. 18:00.

3. 1705108 - Styrkir til íþróttá- og tómstundafélaga 2017

Úthlutun styrkja til íþróttá- og tómstundamála.

Umsóknir hafa borist um styrki til íþróttá- og tómstundafélaga á Akranesi vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglings 3-18 ára. Styrktímabil er frá 1. janúar - 31. desember á umliðnu ári.

Skóla- og frístundaráð telur mikilvægt að veita styrki til íþróttá- og tómstundafélaga sem hafa lykilhlutverk við að halda uppi öflugu starfi fyrir börn og ungmenni á Akranesi.

Styrkjunum er úthlutað samkvæmt viðmiðunarreglum.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu um úthlutun og vísar til staðfestingar í bæjarráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

*Sigríður Indriðadóttir
Kristinn H. Sveinsson
Ólina Ingibjörg Gunnarsdóttir
Valgerður Janusdóttir*